

7. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra á sæti í Fiskimálaráði og er jafnframt formaður þess. Eftirtaldir aðilar skulu eiga rétt til að tilnefna einn fulltrúa hver og annan til vara í Fiskimálaráð, til 3 ára í senn:

Landssamband ísl. útvegsmanna.
Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda.
Sjómannasamband Íslands.
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands.
Alþýðusamband Íslands.
Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
Sjávarafurðadeild Sambands ísl. samvinnufélaga.
Sölusamband ísl. fiskframleiðenda.
Sildarútvegsnefnd.
Félag ísl. fiskmjölsframleiðenda.
Félag ísl. niðursuðuverksmiðja.
Seðlabanki Íslands.
Fiskveiðasjóður Íslands.
Fiskimálasjóður.
Efnahagsstofnunin.
Fiskifélag Íslands.

Noti einhver ofangreindra aðila sér ekki rétt sinn til tilnefningar, skal ráðherra heimilt að skipa í hið auða sæti.

Fiskimálaráð skal koma saman til fundar, þegar formaður ákveður, en þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Störf í Fiskimálaráði eru ólaunuð.

8. gr.

Fiskimálaráð kýs þriggja manna framkvæmdanefnd, sem undirbýr fundi ráðsins og annast þau störf, sem Fiskimálaráð felur henni.

9. gr.

Kostnaður af störfum Fiskimálaráðs, þar með talin þóknun til framkvæmdanefndar, sem ráðherra ákveður, greiðist úr Fiskimálasjóði.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að stofnað verði Fiskimálaráð, sem skal í samvinnu við alla þá aðila, sem hér eiga hlut að máli, móta heildarstefnu í uppbyggingu sjávarútvegsins og í markaðsmálum. Lagt er til, að í þessu ráði eigi sæti fulltrúar útgerðar, helztu greina fiskiðnaðar, sjómanna, verkamanna, lánastofnana sjávarútvegsins, helztu stofnana, sem fjalla um efnahagsmál og sérmál útvegsins.

Sjávarútvegurinn er langstærsti atvinnuvegur okkar Íslendinga, sem framleiðir yfir 90% af heildarútflutningsverðmæti þjóðarinnar. Eins og að líkum lætur, þarf mikið fjármagn til að viðhalda þessum atvinnuvegi, tryggja eðlilega þróun og tækninýjungar í smíði og gerð fiskiskipa jafnhliða uppbyggingu fiskiðnaðarins, vinna skipulega að markaðsrannsóknunum, öflun nýrra markaða fyrir sjávarafurðir og framleiðslu nýrra vörutegunda. Það er því brýn nauðsyn að gæta þess, að fjármagnið, sem til þessara hluta er varið, komi að sem bestum notum og að eðlilegt jafnvægi sé á milli hinna mismunandi greina í útgerð og vinnslu úr sjávarafla og markvisst stefnt að því, að sem mest fjölbreytni verði í vinnslu sjávarafla.

Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps, að eðlilegt sé að fara inn á þá braut, að samtök þeirra, sem vinna að fiskveiðum og fiskiðnaði, og þeirra, sem framleiðslutækin eiga, marki heildarstefnuna í uppbyggingu sjávarútvegsins og í markaðsmálum í samvinnu við fulltrúa lánastofnana sjávarútvegsins og þeirra aðalstofnana, sem með efnahagsmálin fara, og hafi um það samvinnu við ríkisstjórnina. Með því að hafa þennan hátt á, er tryggt, að allir aðilar, sem þessi mál varða mest, skýri sín sérsjónarmið og taki sameiginlega ákvörðun um, hvað réttast og eðlilegast sé, að gert verði á hverjum tíma í þessum málum. Fram til þessa hefur engin slík stofnun verið til, enda hefur oft á liðnum árum og áratugum ekki verið gætt sem skyldi að skapa eðlilegt jafnvægi á milli greina fiskveiðanna og fiskiðnaðarins á þann veg, að ein eða fleiri greinar hafa á ákveðnu árabili vaxið mjög hratt, en samdráttar hefur gætt í öðrum, og á þann hátt hefur þessi mikilvirki atvinnuvegur okkar orðið of einhæfur.

Til þess að koma í veg fyrir, að sjávarútvegurinn verði of einhæfur, verður að leitast við eftir föngum að styðja eðlilega starfrækslu í sem flestum greinum fiskveiðanna og auka hagnýtingu þess afla, sem á land kemur, með það fyrir augum að vinna úr honum á þann hátt, að útflutningsverðmæti verði sem allra mest. Jafnhliða þarf að gera allt til þess að auka fjölbreytni fiskveiðanna og fara inn á fleiri greinar fiskiðnaðar. Með því er dregið úr þeirri miklu áhættu, sem nú er, þegar einhver ákveðin grein bregzt. Þá er ekki síður mikilvægt að auka markaðsrannsóknir fyrir íslenzkar fiskafurðir, leita nýrra markaða og fjölga viðskiptaþjóðum.

Hér á eftir mun verða leitast við að skýra í stórum dráttum, hvernig þessum málum er nú háttað.

Fiskiskipastóllinn.

Það er rétt að gera sér grein fyrir, hvaða breytingum fiskiskipastóllinn hefur tekið á rúmlega tveimur áratugum:

Árið	Tala skipa undir 100 rúml.		Tala skipa yfir 100 rúml.	Samt. br. rúml.	Tala botnvörpuskipa	Samt. br. rúml.
	m/hilfari	br. rúml.				
1944	560	11725	32	5562	29	9652
1954	523	16732	54	8269	51	31621
1958	614	21213	49	7561	44	29024
1964	648	21670	159	26967	39	27395
1967	577	19014	184	35559	32	22876

Eins og sjá má af framangreindu yfirliti, hefur orðið mjög mikil fjölgun á skipum yfir 100 rúml., og hefur þeim á 23 árum fjölgað um 152 og rúmlestatala þeirra aukist um 30 þús. rúml., og eru nú í byggingu 34 skip og er meðalstærð þeirra um 318 rúml. Öll stærri skipin, sem byggð hafa verið, eru fyrst og fremst ætluð til síldveiða, en á tímabilinu febrúar til apríl eru þau flest við bolfiskveiðar og loðnuveiðar. Botnvörpuskipaflokkurinn var endurnýjaður skömmu eftir lok síðustu heimsstyrjaldar, og á árunum 1951 til 1952 bættust við þann flota 10 skip, en síðar hafa aðeins bætt við 5 skip. Nú eru skráð 32 botnvörpuskip, en aðeins rúml. 20 þeirra eru gerð út. Botnvörpuskipaútgerðin hefur stórkostlega dregist saman, og horfir óvænlega fyrir þeirri útgerð, en hún var um langt árabil ein sterkasta stoð íslenzkrar útgerðar.

Bátum undir 100 rúml. hefur fækkað verulega síðustu árin. Það má segja, að bolfisköflunin byggist að verulegu leyti á hinum minni skipum, eða á skipum, sem eru undir 120 rúml. Þessi skip stunda bolfiskveiðarnar mestan hluta ársins og eru hornsteinar fiskiðnaðarins að frátöldum síldariðnaðinum.

Á árunum 1963 til 1966 hafa 87 bátar, samtals 4713 rúmlestir, af stærðinni 20—120 rúml. verið strikaðir út af skipaskrá. Á sama árabili hafa verið skráð 37 ný fiskiskip undir 120 rúml., samtals 1635 rúml. Þar af voru á s. l. ári aðeins 2 skip

samt. 109 rúml. Þessi þróun í fiskiskipabyggingum er orðin mikið áhyggjuefni og verður að breytast hið bráðasta, ef ekki á að fara illa fyrir bolfiskiðnaðinum, sem stendur og fellur með því að fá hráefni sem jafnast árið um kring og er um leið aðalatvinnuvegur fjölmargra byggðarlaga, sem njóta ekki sildariðnaðarins nema þá að mjög takmörkuðu leyti.

Fiskiðnaðurinn.

Heildarútlutningur sjávarafurða á síðustu þremur árum hefur verið sem hér segir:

Árið 1964	4384 millj. kr.
— 1965	5256 — —
— 1966	5595 — —

Aðalvörutegundirnar á þessum sama tíma og útlutningsverðmæti þeirra hafa verið sem hér segir:

	1964 m.kr.	1965 m.kr.	1966 m.kr.
Síldar- og loðnumjöl	594.8	943.3	1117.6
Síldarlýsi	417.6	677.6	882.1
Saltsíld	501.4	488.3	581.8
Fiskimjöl	179.6	157.6	146.0
Hraðfrystur fiskur	1149.3	1244.7	1207.5
Skreið	337.4	375.9	309.9
Saltfiskur	436.0	545.1	546.8
Rækja og humar	109.9	129.8	179.6
Niðursuðuvörur	20.0	32.6	45.1

Á landinu eru 46 síldarverksmiðjur, og er afkastageta þeirra 18350 tonn á sólarhring. Í þessari tölu eru allar verksmiðjur, sem hafa möguleika til að vinna feitan fisk, þó að raunar sumar þeirra séu að mestu starfræktar sem venjulegar fiskimjölverksmiðjur.

Síldarverksmiðjurnar skiptast þannig eftir landshlutum:

Suður- og Vesturland	17	afkastageta	5995 tonn/sólarhr.
Norðurland að Langanesi	15	—	6725 — —
Austurland	14	—	5630 — —

Fiskimjölverksmiðjur eru 16 auk þeirra, sem taldar eru með síldarverksmiðjum. Síldarsöltunarstöðvar eru 103 á landinu, sem starfræktar eru að meira eða minna leyti.

Hraðfrystihús í fiskiðnaði eru 93, og er frystiafkastageta þeirra um 1600 tonn á 10 klst., og hafa þau geymslurými fyrir um 73000 tonn.

Nýting á afkastagetu hraðfrystihúsanna var á árinu 1960 ca. 17%, 1964 ca. 17.3% og 1965 ca. 19%.

Svo að segja öll hraðfrystihús vinna saltfisk og skreið. Af þeim eru 21 hús, sem eru sérstaklega búin vélum til vinnslu á saltfiski. Auk hraðfrystihúsanna eru um 40 aðrar söltunarstöðvar, og eru 18 þeirra búnar vélum til vinnslunnar.

Niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðjur eru 16 á landinu.

Markaðsrannsóknir.

Með markaðskönnun er átt við það að rannsaka, hver markaður geti verið fyrir ákveðnar vörutegundir á hverjum stað, svo og það, í hvaða mynd þær þurfi að vera, hvað vinnslu og umbúðir snertir, til þess að hægt sé að ná árangri. Slík könnun er nauðsynleg forsenda, áður en hafin er markaðsuppygging.

Með markaðsuppbyggingu er átt við það, að vörurnar, unnar á þann hátt, sem markaðsrannsóknin gaf til kynna, séu boðnar til sölu og kynntar og séu alltaf til á markaðnum.

Sem dæmi um þetta má nefna, að fiskimálanefnd vann á sínum tíma skipulega að markaðsuppbyggingu fyrir frystan fisk, og enn þá betra dæmi er uppbygging markaðs fyrir frystar íslenskar sjávarafurðir í Bandaríkjunum. Sennilega er það ekki öllum kunnugt, að um margra ára bil var vitandi vits gefið með afurðum þeim, sem sendar voru á þennan markað, miðað við sölu á öðrum mörkuðum. Þessu var samt haldið áfram með þrautseigju, og um árabíl hefur þetta verið bezti markaðurinn fyrir frystar íslenskar sjávarafurðir.

Enn fremur voru byggðar upp í Bandaríkjunum verksmiðjur til frekari vinnslu úr frystum fiski, sem á síðustu árum hafa komið að mjög miklu liði.

Á fyrstu árunum eftir heimsstyrjöldina var einnig unnið nokkuð að markaðsöflun í ýmsum löndum, svo sem Frakklandi, Austurríki o. fl., en markaðir þessir virðast að mestu hafa glatazt aftur.

Á undanförunum árum hefur sala sjávarafurða yfirleitt virzt ganga greiðlega, þangað til á s. l. ári, að mikið verðfall varð á ýmsum helztu afurðum okkar. Ástæðan til þessa var einkum sú, að ýmsar aðrar þjóðir tóku upp alveg nýja veiði- og vinnslutækni, sem hefur valdið stórauðnu framboði á fiskafurðum.

Víðari og fjölbreyttari markaðir eru bezta tryggingin gegn slíku verðhruni, en við Íslendingar höfum nokkrum sinnum fengið alvarleg áföll vegna þess, að markaðir okkar og framleiðsla er of einhæf. Það er því augljós nauðsyn, að ötullega og skipulega verður að vinna að markaðsöfluninni og fjölbreytni í framleiðslu.

Vafalaust mætti vinna markaði fyrir ýmsar nýjar vörutegundir, svo sem niðursoðin þorskhrogn, kavíarlíki o. fl., svo og fyrir meira unnar vörur, svo sem tilreiddar máltíðir. Að vísu veldur sú staðreynd, að við stöndum fyrir utan markaðsbandalögin, miklum erfiðleikum, á meðan ekki er bót á ráðin, en það er annað vandamál.

Sem dæmi um það, til hvers sé að vinna, má benda á, að 1963 var neyzla á niðursoðnum sjávarafurðum í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum 955 300 tonn. Hluttur okkar í þessu var ekki nema nokkur hundruð tonn. Engar núverandi stofnanir eða samtök hafa möguleika á að hafa forgöngu um mál þessi í heild, svo að við álitum fullkomlega tímabært að koma á fót stofnun, sem gæti beitt sér fyrir verkendum þessum. Þess ber þó að geta, að fiskimálasjóður hefur styrkt verulega markaðskönnun og auglýsingakostnað fyrir íslenskar sjávarafurðir erlendis.

Ein aðferð, sem aðrar þjóðir nota mikið, er að vinna að markaðsrannsóknum fyrir milligöngu sendiráða sinna, m. a. með skipun verzlunarfulltrúa við þau. Þessi aðferð væri m. a. vel athugandi fyrir okkur. En síðan þyrfti að vera fyrir hendi hér heima stofnun, er skipulegði þessa viðleitni og ynni úr upplýsingum þeim, er aflað væri.

Ein grundvallarforsenda fyrir því, að Fiskimálaráð geti rækt það hlutverk sitt að gera tillögur um og stuðla að skynsamlegri og skipulagðri dreifingu fjármagns í íslenskum sjávarútvegi, er nákvæm þekking á mörkuðum sjávarafurða og hverra breytinga þar megi vænta, en oft hefur á skort, að íslenskum sjávarútvegi hafi gefizt nægilegur tími til aðlögunar við breyttar aðstæður.